

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa  
Heimir Snær Guðmundsson

Efni:

**Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks um ritun fundargerða vegna aðkomu íbúa - umsögn.**

Vísað er til bréfs mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 3. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn skrifstofu borgarstjórnar um svohljóðandi tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram á fundi íbúaráðs Kjalarness.:

*Mikilvægt er að fundargerð ráðsins endurspegli það sem gerist á fundum þess. Frá því að nýtt íbúaráð tók til starfa hafa borist fyrirspurnir frá íbúum sem ekki hafa ratað inn í fundargerð eða svör við þeim. Því er lagt til að allar fyrirspurnir og tillögur sem borist hafa og munu berast frá íbúum, hvort heldur þær eru skriflegar eða munnlegar, verði færðar til bókar í fundargerð ráðsins. Jafnframt er lagt til að þegar svör við fyrirspurnum berast ráðinu að þau verði sömuleiðis færð inn í fundargerð.*

Um störf íbúaráða gildir samþykkt fyrir íbúaráð Reykjavíkur, samþykkt í borgarstjórn 18. júní 2019. Þar kemur fram í 7. gr. að um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Í 6. gr. sömu samþykktar kemur fram að á dagskrá íbúaráðs skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu eða íbúar hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði íbúaráðsins. Það er hlutverk formanns íbúaráðsins að yfirfara þau mál sem borist hafa ráðinu og ákveða dagskrá í samræmi við ákvæði samþykktarinnar.

Verksvið og tilgangur íbúaráða Reykjavíkurborgar er töluvert frábrugðinn öðrum ráðum og nefndum, en hlutverk íbúaráða er að styrkja tengingu og stytta boðleiðir milli íbúa og stjórnsýslu borgarinnar, stuðla að aukinni upplýsingagjöf til íbúa, styrkja möguleika þeirra til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og vekja athygli á áskorunum innan hverfisins. Íbúaráðin eru lifandi samstarfsvettvangur samráðs íbúa, bakhóps hverfisins, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda og skulu vera virkir þátttakendur í útfærslu á allri stefnumörkun hverfanna, ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og skulu stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum Reykjavíkurborgar.

Þrátt fyrir þessa sérstöðu íbúaráðanna skal það haft í huga að þau eru fjölskipuð stjórnvöld sem starfa í umboði borgarstjórnar og eru bundin af sömu formreglum varðandi t.d. boðun

funda, dagskrá og fundarritun og önnur stjórnvöld borgarinnar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Íbúaráð eru skipuð fulltrúum sem eru kosnir af borgarstjórn og skipaðir af íbúasamtökum og öðrum hagsmunasamtökum innan viðkomandi hverfis. Mál sem eru sett á dagskrá íbúaráða stafa að jafnaði frá þessum fulltrúum og þurfa að uppfylla öll þau skilyrði sem gerð eru til slíkra mála s.s. að falla undir verksvið ráðsins samkvæmt samþykktum auk þess sem þau skulu vera skrifleg. Ekki er því unnt að taka undir efni tillögunnar eins og hún er sett fram, en bent skal á að auðvelt er að koma til móts við það góða markmið að fundargerðir skulu endurspeglar það sem gerist á fundum m.a. með því að fulltrúar í viðkomandi ráði taki til sín fyrirspurnir íbúa og leggi formlega fram til frekari vinnslu. Jafnframt má hugsa sér að minnispointar af umræðum sem fram fara á fundum séu lagðir fram til varðveislu.

Með vísan til ofangreinds er mælt með því að tillögunni verði vísað frá, enda er hún ekki í samræmi við ákvæði samþykktu um ritun fundargerða.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi málið hefur verið í vinnslu hjá skrifstofu borgarstjórnar.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal

skrifstofustjóri borgarstjórnar